

Hlíðarskóli

SKÓLANÁMSKRÁ



2022-2023

Innihald

Inngangur	3
Um Hlíðarskóla	3
Þróun Hlíðarskóla	4
Stefna og sýn Hlíðarskóla	5
Skólabragur	7
Starfsfólk	7
Markmið náms	7
Grunnþættir menntunar	8
Læsi	8
Sjálfbærni	9
Heilbrigði og velferð	9
Lýðræði og mannréttindi	9
Jafnrétti	10
Sköpun	10
Félagsfærni	10
Nám og kennsla	10
Tilhögun kennslu	12
Skipulag og inntak kennslu	12
Einstaklingsnámskrár	12
Námsáætlanir	13
Kennsluhættir og námsumhverfi	13
Þemavinna	13
Teymiskennsla	14
Læsiskennsla í yngri deildum Hlíðarskóla	14
Íþrótta- og sundkennsla	15
ART (Agression Replacement Training)	15
Valgreinar	15
Flugið	16
Heimanám	16
Námsbækur og námsgögn	16
Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi	17
Innra mat á árangri og gæðum	18

Umbætur.....	19
Samstarf heimila og skóla og upplýsingamiðlun.....	19
Samstarf skólastiga, móttöku- og tilfærsluáætlun.....	19
Tengsl skóla við nærsamfélagið	20
Áætlanir	20

Inngangur

Samkvæmt lögum eiga allir skólar að birta stefnu sína með tvennum hætti, með skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskráin er nánari útfærsla á aðalnámskrá þar sem skólinn aðlagar stefnuna að sinni sérstöðu og aðstæðum. Í henni er gerð grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggist á og þeim viðmiðum sem sett eru í aðalnámskrá. Ár hvert breytist starfsáætlun skólans, í henni er að finna skóladagatalið, þ.m.t lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglur, stoðþjónustu og annað það sem varðar starfsemi skólans ár hvert.

Starfsáætlun skólans er lögð fyrir Fræðslu- og lýðheilsuráð Akureyrarbæjar til staðfestingar, sem samþykkir gildistöku hennar. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins og er birt á heimasíðu skólans. Skólanámskráin er yfirfarin í ágúst ár hvert en endurskoðuð á 5 ára fresti, næst 2028.

Um Hlíðarskóla

Hlíðarskóli var stofnaður 1. september 1984 á vegum Fræðsluskrifstofu Norðurlands Eystra sem sérskóli/úrræði. Skólinn hlaut þá nafnið Bröttuhlíðarskóli og var staðsettur á Akureyri. Árið 2001 fékk Hlíðarskóli síðan nafnið sitt. Hlíðarskóli er sérskóli á grunnskólastigi fyrir um 20 nemendur 1.-10. bekkjar. Skólinn er staðsettur í Skjaldarvík, Hörgárbyggð, um 5 km norðan Akureyrar og gefur umhverfi skólans mjög dýrmæt tækifæri í vinnu með nemendum. Hlíðarskóli er rekinn af Akureyrarbæ. Skólinn hefur tvo bíla til umráða sem auðveldar mjög öll samskipti og samvinnu skólans við umhverfi sitt. Hlíðarskóli er skammtímaúrræði fyrir nemendur sem eru með:

- Alvarlegan geðrænan og tilfinningalegan vanda.
- Félags- og hegðunarerfiðleika.
- Mikla námsörðugleika.

Ófrávíkjanlegur hluti af starfi Hlíðarskóla er mikil og markviss vinna með foreldrum nemenda skólans. Stuðningur og samvinna starfsfólks skólans og foreldra hvert við annað hefur reynst vera mjög mikilvæg forsenda þess að breytingar takist til hins betra í lífi nemenda og haldist að lokinni skóladvöl í Hlíðarskóla.

Ásamt samvinnu við heimili er einnig í mikil samvinna við fræðslu- og lýðheilsusvið og velferðarsvið Akureyrarbæjar, barnavernd Eyjafjarðar, BUG teymi SAK, HSN, heimaskóla og fl. í þágu farsældar barns.

Þróun Hlíðarskóla

Árið 1982 þegar Bröttuhlíðarskóli (Hlíðarskóli) var stofnaður var megin markmið var að veita nemendum viðeigandi kennslu vegna hegðunar sem átti ekki samleið með jafnöldum sínum í heimaskóla. Árið 1998 hófst síðan þróun í skólanum til að reyna að koma til móts við þjónustuhæfir grunnskólanna með því að auka þjónustu Bröttuhlíðarskóla (Hlíðarskóla). Sú þróun var síðan miðað að því að:

- Þjónusta fleiri nemendum.
- Efla fjölskylduráðgjöf við skólann.
- Gera skólann að virku stoðurræði fyrir almennan grunnskóla bæjarins.

Á skólaárinu 1999-2000 hélt þessi vinna áfram og samþykkti skólanefnd að stefna að nýju sérúrræði á grunni Bröttuhlíðarskóla sem skyldi áfram þjóna grunnskólanemendum á Akureyri, sem eiga við aðlögunar- og aga vandamál að stríða og geta ekki nýtt úrræði almenns grunnskóla. Skólinn gat þá tekið á móti 6 nemendum. Skólanefnd skipaði starfshóp til að gera tillögur að þessu úrræði og hafa þær tillögur verið grundvöllur starfsins til dagsins í dag með þeim breytingum sem aðstæður hafa kallað á. (Sjá frekar í skýrslunni: Stefnuskra fyrir sérúrræði Akureyrarbæjar fyrir börn í aðlögunarvanda, 2001. Skýrslan er aðgengileg á fræðslu- og lýðheilsusviði og í Hlíðarskóla).

Á skólaárinu 2001 fluttist skólinn í Varpholt, Hörgárbyggð. Bröttuhlíðarskóli breytti þá nafninu sínu í Hlíðarskóli og fjölgaði nemendum sínum í 14-16. Vegna lítillar eftirspurnar fyrir stúlkur við skólann var ákveðið að beina sjónum sérstaklega að málefnum í vinnu skólans.

Skólaárið 2005 var stofnuð sérdeild við Hlíðarskóla fyrir börn með alvarlegar geð- og þroskaraskanir þar sem mikil eftirspurn var fyrir slíkt úrræði. Deildin var því stofnuð í Skjaldarvík og fékk nafnið Skjöldur. (Sjá frekar í skýrslunni: Skjöldur við Hlíðarskóla Akureyri,

úrræði fyrir börn með alvarlegar geð- og þroskaraskanir, 2005. Skýrslan er aðgengileg á fræðslu- og lýðheilsusviði og í Hlíðarskóla).

Haustið 2006 var stofnuð stúlknaeild við Hlíðarskóla vegna eftirspurnar. (Sjá frekar í skýrslunni: Stúlkur í vanda: Hvað er til ráða? 2006. Skýrslan er aðgengileg á fræðslu- og lýðheilsusviði og í Hlíðarskóla).

Á þessum tíma var nemendafjöldi skólans áætlaður 28-30 nemendur og voru fjórar starfsstöðvarein í Varpholti, tvær í Skjaldarvík og Skemma fyrir hand- og verkmenntir sem hefur alltaf verið mjög mikilvægur þáttur í allri starfsemi skólans.

Skólinn hélst óbreyttur til 2009 en þá útskrifuðust upphaflegu nemendur Skjaldar úr grunnskóla og ekki var fyrirsjáanleg eftirspurn eftir slíku úrræði. Á sama tíma var ákveðið að flytja alla starfsemi skólans á einn stað í Skjaldarvík sameina deildirnar og bjóða upp á pláss fyrir 20 nemendur í senn eins og hann er í dag.

Stefna og sýn Hlíðarskóla

Uppeldisleg grundvallarsýn og leiðarljós:

Jákvæð mannúðarafstaða til manneskjunnar almennt og tiltrú á getu hennar til breytinga og þróunar, þar sem leitast skal við að byggja á styrk hvers og eins.

Allir hafa það góða í sér og hæfileikann til að verða betri manneskjur. Auk þess að veita nemendum sérhæft meðferðar- og sérkennsluúrræði, verður að vinna þétt og markvisst með foreldrum/forráðamönnum, sem ætíð vilja börnum sínum það besta og eru tilbúnir að leggja á sig það sem þarf, til að tryggja sem bestar aðstæður í lífi barnsins og að árangur haldist þegar skólavist í Hlíðarskóla er lokið.

Stefna og megin markmið Hlíðarskóla er að nemendum líði vel í skólanum og nái að efla sjálftraust og vinna úr þeim fjölbætta vanda sem nemandinn glímir við. Þegar nemandi hefur náð markmiðum sínum þá er metið hvort nemandinn sé búinn að ná nægjanlegum árangri til að útskrifast úr Hlíðarskóla. Yfirleitt fer nemandinn aftur í sinn heimaskóla en í undantekningar tilvikum fer hann í annan skóla. Ástæðurnar fyrir því geta verið margvíslegar en ávallt er haft að

leiðarljósi hvað sé nemandanum fyrir bestu. Nám í Hlíðarskóla tekur mið af þroska, persónugerð, hæfileikum, getu og áhugasviði hvers og eins. Námið gerir kröfu um þverfagleg vinnubrögð og að starfsfólk skólans leggi sig fram um að kynnast vel hverjum nemanda og meti stöðu hans í námi. Í Hlíðarskóla leggjum við áherslu á að náms- og kennsluaðferðir séu einstaklingsmiðaðar og feli í sér:

- Námsaðlögun: Nemendur fá tækifæri til þess að læra á sem fjölbreytilegastan hátt til þess að hinir ýmsu greindarþættir þeirra og sterkar hliðar fái notið sín og því byggir kennslan á fjölbreytni og tekur tillit til mismunandi þarfa.
- Þroskamiðað nám: Áhersla er lögð á að efla þroska á sviði skynjunar, hreyfingar, boðskipta, hugsunar, félags- og tilfinningalegs þroska.
- Færnismiðað nám: Áhersla er lögð á að auka færni nemenda í að takast á við daglegt líf, s.s. sjálfshjálp, trú á eigin getu, einföld störf og tómsundur.
- Reynslumiðað nám: Áhersla lögð á að byggja upp reynsluheim nemenda þannig að þeir geti gert sér skýrari mynd af umhverfinu sem þeir lifa í og upplifa það á innihaldsríkan og jákvæðan hátt.
- Fjölbreytilegar og árangursríkar kennsluaðferðir.
- Kennarar nota ímyndunarafl sitt og umhverfi og eru skapandi við skipulag náms og kennslu.
- Lausnamiðaðar og hjálpa til við að þróa sterka sjálfmynd.
- Hugsaðar til að auka ábyrgð nemenda á eigin námi m.a. með því að gefa þeim færi á að hafa áhrif á náms- og kennsluaðferðir og námsefni og fá þá til að finna gleðina af eigin velgengni.

Menntastefna Akureyrarbæjar var samþykkt í júní 2020 og gildir til ársins 2025. Skólinn hefur markvisst unnið að innleiðingu stefnunnar gegnum innra mat og gæðaviðmið og byggir starf sitt og stefnu m.a. á menntastefnunni. Stöðu skólans hverju sinni gagnvart þeim gæðaviðmium sem lagt er upp með má sjá í skýrslu um innra mat sem er að finna á heimasíðu. Menntastefnuna, aðgerðaráætlun og gæðaviðmið er að finna á þessari [heimasíðu hér](#).

Skólabragur

Í Hlíðarskóla er áhersla lögð á jákvæð samskipti þar sem sameiginleg markmið og gildi eru í hávegum höfð. Allir geta lært og tekið framförum og endurspeglast sú vitneskja í viðhorfum og störfum starfsfólks. Leitað er allra leiða til að hver nemandi nái sínum besta árangri og taki stöðugum framförum í námi. Innra starf skólans er metið reglulega og taka starfsfólk, nemendur og foreldrar þátt í því. Gerð er umbótaáætlun til að laga það sem betur má fara. Nemendum er gerð grein fyrir mikilvægi þátttöku þeirra í mótun jákvæðs skólabrags. Hver einstaklingur ber ábyrgð í samræmi við aldur og þroska. Ætlast er til góðrar umgengni af nemendum og þeir sýni kurteisi og góða framkomu.

Mikil áhersla er lögð á að traust ríki milli allra í skólanum, einnig á milli skóla og heimila. Hefðir og siðir í skólastarfinu, þar sem reglubundið skólastarf er brotið upp, eiga stóran þátt í að viðhalda og móta góðan skólabrag. Stjórnendur og starfsfólk skólans leggja sig fram um að skapa jákvæðan skólabrag í skólanum með það að markmiði að skilyrði til uppeldis og menntunar nemenda og almennrar velferðar þeirra séu sem best.

Starfsfólk

Lykill að velgengni skólastarfs er samhentur og öflugur mannauður. Markmiðið er að starfsemin sé þannig uppbyggð, að hún laði að sérhæft og áhugasamt fólk þar sem hver og einn leggur sitt af mörkum til að byggja upp og viðhalda jákvæðri, faglegri og samhentri liðsheild.

Starfsfólk er hópur með fjölbreytta menntun og reynslu sem vinnur í sameiningu að því að byggja upp skólastarf sem einkennist af vilja og virðingu, með hag nemenda að leiðarljósi. Þau starfa undir verkstjórn skólastjóra og eiga í nánun samstarfi sín á milli, við nemendur, foreldra þeirra og aðra sem að skólastarfinu koma. Allir starfsmenn skólans bera mikla ábyrgð á skólastarfinu jafnt undirbúningi, framkvæmd og mati og leggja metnað sinn í að styðja hvert annað í starfi, miðla þekkingu, reynslu og færni og nýta sér þau tækifæri sem gefast til þess að vaxa í starfi. Nánar er gerð grein fyrir hvaða starfsfólk er að störfum hverju sinni í starfsáætlun á [heimasíðu skólans](#).

Markmið náms

Í 2. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, er markmið grunnskóla skilgreint. Þar segir að hlutverk

grunnskóla sé í samvinnu við heimilin sé að stuðla að alhliða þroska og menntun nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Skólastarfið á að miða að virkri þátttöku barna í lýðræðissamfélagi innan skólans og utan. Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 segir að í skipulagi og viðfangsefnum skólastarfsins og í starfsháttum skólanna skuli lögð rækt við námsumhverfi og samskipti sem stuðla að almennri menntun.

Allt nám byggist á grunnþáttum menntunar, þ.e. læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttinum, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Kennsluaðferðir og samskiptahættir, námsgögn og kennslutæki eiga fyrst og fremst að beinast að því að styðja nemendur í námi og markmið náms á að snúast um þá hæfni sem nemandinn öðlast í námsferlinu og býr yfir að námi loknu. Nánari útfærslu á námi og kennslufyrirkomulagi má sjá í bekkjarnámskrám/kennsluáætlunum.

Grunnþættir menntunar

Skólastarfið í Hlíðarskóla grundvallast á sex grunnþáttum náms sem settir eru fram í aðalnámskrá grunnskóla. Það er hlutverk Akureyrarbæjar að vinna að velferð og framförum barna, tryggja þeim öruggt námsumhverfi og skapa góðar aðstæður fyrir skapandi og framsækið skólastarf. Þessir grunnþættir eru sýnilegir í öllum starfsháttum skólans, kennsluaðferðum, samskiptum og skólabrag.

Læsi

Margir nemendur Hlíðarskóla glíma við lestrarörðugleika og hafa slaka sjálfsmynd þegar kemur að lestri. Reglulega er lestrarátak í skólanum, bækur og lesefni er sýnilegt í skólaumhverfinu og aðgengilegt nemendum. Að auki er lögð áhersla á umhverfislæsi, notað er sjónrænt og myndrænt skipulag í umhverfi nemenda sem þjálfar þá í að lesa í og skilja umhverfi sitt. Með það að markmiði að efla færni nemenda og stuðla að jákvæðni gagnvart lestri. Við reynum að þjálfa grunnfærni þeirra í lestri og skipuleggjum nám hvers og eins nemanda út frá stöðu hans í lestri og læsi. Jafnframt er leitast við að lesa fyrir nemendur og með nemendum og eiga samtal um innihaldið til stuðla að auknum orðaforða og áhuga nemenda á bókum.

Sjálfbærni

Reglulega eru unnin þemaverkefni tengd náttúru og umhverfisvernd. Afraksturinn hefur verið sýndur við ýmis tilefni, t.d. á þemadögum og öðrum uppbrotsdögum. Nemendur Hlíðarskóla flokka rusl og matarafganga. Nemendur hafa týnt upp rusl sem hefur safnast í kringum skólann, vigta það og flokka.

Heilbrigði og velferð

Í Hlíðarskóla er markvisst stuðlað að jákvæðri sjálfsmynd nemenda og að styrkja þá í að hafa trú á eigin getu. Hlúð er að almennum þroska og heilbrigði nemenda á sem víðtækastan hátt. Umsjónarkennari ræðir reglulega við nemendur einstaklingslega um af hverju þeir eru í Hlíðarskóla og hvaða færni hver og einn þarf að efla svo hann geti í framtíðinni stundað farsælt nám í sínum heimaskóla eða í framhaldsskóla. Tekið er mið af ólíkum þörfum nemenda á einstaklingsbundinn hátt. Rætt er um ólíkar þarfir einstaklinga en um leið jafnan rétt þeirra til að vera eins og þeir eru. Mikil áhersla er lögð á að skapa jákvæðan skólabrag og vellíðan, að nemendum finnist þeir öruggir í skólanum. Markvisst er unnið að því að byggja nemendur upp með jákvæðum hætti, að hver og einn taki ábyrgð á eigin hegðun. Náin samvinna við foreldra/forráðamenn er lykilatriði í starfi Hlíðarskóla, til þess að árangur verði viðvarandi og sem bestur, auk samstarfs við heimaskóla nemenda, og viðkomandi þjónustuaðila sem kemur að máli hvers nemanda. Hreyfing og útivist er stór þáttur í starfi skólans. Íþrótta- og sundkennsla fer fram í Þelamörk auk þess er líkamsrækt í skólanum Þá er nærumhverfið er nýtt til hins ýtrasta til fjölbreyttrar hreyfingar, s.s. gönguferða og leikja.

Lýðræði og mannréttindi

Tekið er mið af þörfum og færni hvers og eins nemanda við skipulagningu námsins. Áhersla er lögð á að hver nemandi fái að nýta styrkleika sína í náminu. Unnið er út frá stöðu hvers og eins, jafnt í bóklegu og verklegu námi sem og í félagsfærni og tilfinningastjórnun. Þannig fá allir nemendur nám við sitt hæfi og njóta jafnra tækifæra. Lögð er áhersla á að nemendur virði mannréttindi og lýðræði og öðlist skilning á því að öll höfum við rétt á tilveru á jörðinni hver og hvernig sem við erum og ber að virða þau réttindi.

Jafnrétti

Nemendur læra að virða jafnan rétt einstaklinga, læra að átta sig á og þekkja mismunandi þjóðfélagshópa í samfélaginu. Nemendur læra að taka virkan þátt í að skapa skóla þar sem allir njóta alhliða menntunar í samræmi við þroska, getu og áhugasvið.

Sköpun

Allir nemendur eiga kost á að vinna að sköpun, hvort sem um er að ræða tónlist, myndlist, textíl, smíði eða annars konar hönnun sem fer að miklum hluta bæði fram í hand- og myndmenntartímum, sem og Fluginu, en fléttast þá inn í aðrar kennslustundir skóladagsins eftir því sem við á.

Félagsfærni

Ein af grunnstoðum starfsins í Hlíðarskóla er að efla félagsfærni nemenda. Nemendur eru stöðugt að vinna að því að efla félagsfærni sína bæði í daglegum samskiptum í skólanum og kennslustundum. ART (Agression replacement training) var innleitt að nýju í skólastarfið haustið 2022 eftir nokkra ára pásu. Markmiðið með ART þjálfun er að bæta samskiptafærni, draga úr hegðunarvanda, koma í veg fyrir ofbeldi og styrkja siðferðisleg gildi einstaklinga.

Nám og kennsla

Tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi er samkvæmt *viðmiðunarstundaskrá* Aðalnámskrár grunnskóla. Sveigjanleiki í stundaskránni veitir tækifæri til að brjóta upp skólastarfið og vinna að heildstæðum verkefnum með hverjum árgangi eða námshóp.

Námssgreinar – Námssvið	1.-4. bekkur	5. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. - 4. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Minútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknumál	1.120	680	630	2.430	18,08%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	1.120	8,33%
Skólaíþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	300	160	870	1.330	9,90%
Alls	4.800	4.200	4.440	13.440	100%

Í viðmiðunarstundaskrá (mynd að ofan) er gert ráð fyrir að einstakir skólar geti ráðstafað hluta þess lágmarkstíma sem lög ákveða. Ætlast er til að skólar geri grein fyrir því í skólanámskrá hvernig þeir hyggjast verja þessum tíma. Heimilt er að nota hann til að auka kennslu í skyldunámssgreinum. Einnig má nýta hann til að ná staðbundnum markmiðum skólans eða til kennslu efnis sem ekki er í aðalnámskrá grunnskóla. Þó gert sé ráð fyrir að hlutfallslega fleiri tímar séu nýttir í valgreinar í 8., 9. og 10. bekk geta skólar breytt vægi valgreina og skyldunámssgreina á milli þessara ára.

Í skólanámskrá skal sýna hvernig skólinn útfærir kennslu þessara námssviða í 8.–10. bekk. Í heimilisfræði, listum og smíðum eru sett fram áfangamarkmið fyrir 8.–10. bekk og gert er ráð fyrir að tímamagn samkvæmt viðmiðunarstundaskrá miðist fyrst og fremst við 8. bekk. Skólar hafa þó frelsi til að skipuleggja kennslu á annan hátt. Kennsludagar skulu ekki vera færri en 180 á hverju skólaári.

Tilhögun kennslu

Stundaskrá Hlíðarskóla er fjölbreytileg og skemmtileg. Dagurinn byrjar ávallt á gæðastund þar sem nemendur og umsjónarkennarar fara yfir helstu mál hverju sinni. Gæðastundin er einnig notuð til að taka stöðuna á nemendum og koma auga á ef einhver nemandi á erfitt eða er ólíkur sjálfum sér. Þá er reynt að bregðast strax við og grípa inn í. Fyrsta skrefið er að taka samtalið og komast að því hvað bjátar á. Þegar það liggur ljóst fyrir er tekist á við það og reynt að greiða úr málum. Gjarnan er það gert með einkasamtali og er misjafnt hver tekur það samtal. En alltaf er leitast við að sá einstaklingur taki samtalið sem er líklegastur til að geta aðstoðað nemandann. Kennslustundir eru um 30-80 mínútur. Hægt er að sjá ítarlegri skipulag kennslustunda í starfsáætlun. Nemendum er skipt í fjóra aldursblandaða hópa. Við þessa niðurröðun er horft til margra þátta en sérstaklega stöðu hvers nemanda.

Skipulag og inntak kennslu

Í Hlíðarskóla er nemendum skipt í bekkjardeildir þvert á aldur með tilliti til náms- og félagslegrar stöðu. Námið er allt einstaklingsmiðað í samvinnu við nemendur og foreldra. Lögð er áhersla á góðan undirbúning fyrir áframhaldandi skólagöngu. Megin áhersla er lögð á stærðfræði, íslensku og ensku á sem mest skapandi hátt í allri kennslu. Að ógleymdum verkgreinum sem oft eru nýttar á þverfaglegan hátt í flestum kennslugreinum. Markmið allra greina geta farið saman í einu þema þar sem unnið er með tungumálið, sköpun, upplýsingatækni, stærðfræði og samskipti svo eitthvað sé nefnt. Nám nemenda í grunnskóla grundvallast á samspili margra þátta. Til að nemandi nái góðum árangri í námi þarf hann að vera í hvetjandi námsumhverfi, upplifa væntingar, læra vönduð vinnubrögð og njóta góðrar kennslu þar sem horft er til þarfa hans og markmiða.

Einstaklingsnámskrár

Kennarar útbúa einstaklingsnámskrá fyrir hvern og einn nemanda í samvinnu við nemanda og foreldra. Unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrá í hverju fagi. Námskráin tekur mið af náms- og félagslegri stöðu nemandans með áherslu á félagslega hegðun í samvinnu við foreldra. Foreldrar eru kallaðir til á fundi og til samráðs eins oft og nauðsyn ber til en a.m.k. tvisvar í mánuði. Hver nemandi mætir á fund að jafnaði einu sinni í mánuði. Þann fund sitja, auk nemanda, umsjónarkennari, fjölskylduráðgjafi og foreldrar/forráðamaður.

Að hausti setur nemandi sér markmið sem unnið er að næstu vikurnar. Hver nemandi setur sér félagsleg markmið, heilsumarkmið auk námsmarkmiða. Að mánuði liðnum er komið að því að skoða stöðuna og annaðhvort bæta við markmiðum eða útfæra sett markmið á annan hátt til að auðvelda nemanda að ná settu markmiði. Þar gefst líka gott tækifæri til að fara yfir líðan nemandans og gefa honum færi á að tjá sig um það sem hann vill.

Námsáætlanir

Námsáætlanir má sjá á Mentor-K3.

Kennsluhættir og námsumhverfi

Fjölbreytilegt námsumhverfi og kennsluaðferðir, sem eru hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur eru meginforsendur þess að nemendur nái þeim hæfniviðmiðum sem stefnt er að. Góður skólabragur eflir samskiptahæfni nemenda og þroska þeirra til virðingar og umburðarlyndis, jafnréttis og umgengni við aðra, umhverfi og náttúru. Námsumhverfi nemenda mótast af skólabrag, umhverfi, námsgögnum og öðrum aðbúnaði.

Í Hlíðarskóla er lögð áhersla á að námsumhverfi veki áhuga og stuðli að virkni í námi og kennslu. Við nýtum okkur nálægð okkar við náttúruna eins mikið og okkur er unnt. Við stuðlum að jákvæðum skólabrag með ýmsum leiðum. Áhersla er á að kennarar beiti viðurkenndum aðferðum sem stuðla að góðum samskiptum, uppbyggjandi og jákvæðu sambandi milli nemenda. Í skólanum er námsumhverfi sveigjanlegt og aðstæður skapaðar fyrir nemendur að ná markmiðum eftir mismunandi leiðum.

Þemavinna

Með þemavinnu er átt við verkefni sem unnin eru út frá einu ákveðnu viðfangsefni þar sem námi í samfélagsgreinum, náttúrufræði, upplýsingatækni, lífsleikni og jafnvel listgreinum er fléttað saman. Í þess konar vinnu gefast tækifæri til að efla lykilhæfni með fjölbreyttum leiðum við nálgun verkefna. Í þemavinnu er nemendum yfirleitt blandað saman í hópa þvert á aldur til að fá sem mesta fjölbreytileika í hópunum. Vetrinum er skipt í nokkur tímabil og á hverju tímabili eru ákveðin þemu. Nokkra daga yfir veturinn eru svo tekin fyrir ákveðin þemaverkefni fyrir allan skólann.

Teymiskennsla

Teymiskennsla er viðhöfð í báðum deildum skólans (yngri/eldri) skólans, þó mismikið. Kennarar eru hvattir áfram til þess að nýta teymiskennslu og auka samvinnu þeirra á milli.

Á þemadögum er allur skólinn í þemavinnu og þá er nemendum yfirleitt skipt í nýja hópa til að auka fjölbreytileika og gefa nemendum kost á að vinna með nemendum sem þeir hafa ekki unnið með áður. Það krefur suma um að fara út fyrir sinn þægindaramma.

Læsiskenntsla í yngri deildum Hlíðarskóla

Mikil áhersla er lögð á læsi í víðum skilningi í Hlíðarskóla. Sérstakur tími er áætlaður á degi hverjum til lestrarnáms og þjálfunar. Nemendur flestra bekkja lesa á hverjum degi upphátt fyrir kennara. Allir nemendur lesa þó fyrir kennara í viku hverri. Yngri nemendur fá markvissa kennslu í bókstöfum og hljóðum þeirra. Unnið er að því að auka sjónrænan orðaforða jafnt yfir allan veturinn. Átak var gert veturinn 2022 með sjónrænan orðaforða innan veggja skólans.

Notast hefur verið við aðferðafræði PALS þar sem nemendur eru paraðir saman, þannig að nemendur sem lengra eru komnir í lestrarnámi og nemendur sem eiga lengra í land. Það hefur gefist vel og eru nemendur almennt áhugasamir í þeim verkefnum.

Reglulega yfir árið, (í sept., jan. og maí) eru lögð fyrir lesfimiþróf frá Menntamálastofnun og þannig fylgst með framvindu hvers nemanda. Þeir nemendur sem standa í stað milli prófa eða bæta sig lítið fá aukna þjálfun í skólanum og foreldrar að auki beðnir um að sinna heimalestri vel.

Mikið er lagt upp úr að efla lesskilning nemenda og reglulega (að lágmarki tvisvar í mánuði) eru lögð fyrir verkefni til að efla lesskilning nemenda, bæði í íslensku og ensku. Unnið er með hlustun í tengslum við lesskilnings verkefni. Þannig hafa nemendur sem styttra eru komnir í lesfimi tækifæri til að vinna með orð og hugtök sem þeir annars hefðu almennt ekki færi á. Það hefur eflt sjálfstraust lakari nemenda að vera með hópnum að vinna að samskonar verkefnum. Einnig eru lögð fyrir hefðbundin lesskilningsverkefni þar sem nemendur lesa sjálfir texta og vinna með innihald hans.

Unnið er með ritun á ýmsa vegu. Nemendur skrifa sögur og aðrar frásagnir. Miðað er við færniþætti í Læsisstefnu Akureyrarbæjar “læsi er lykillinn” sem má [lesa hér](#).

Læsi er rauði þráðurinn í gegnum allt okkar starf. Í morgunverðarstundum og hádegisverði situr starfsfólk skólans með nemendum. Þessar stundir eru meðal annars nýttar í að efla nemendur í samræðum, hlustun og að tileinka sér færni í samskiptum við aðra. Leitast er við að auka orðaforða og tjáningu nemenda við hvert tækifæri, t.d. í frímínútum, ferðum til og frá skóla, í kennslustundum, íþróttatímum og í sundi.

Amtsbókasafnið á Akureyri er mikið nýtt til að sækja lesefni sem höfðar til nemenda. Farnar eru ferðir með nemendum á bókasafnið á hálfsmánaðar fresti. Bækur eru hafðar sýnilegar á göngum skólans og nota kennarar hvert tækifæri sem gefst til að ræða um bækur og annað lesefni.

Námsmat fer fram með símati allan veturinn þar sem fylgst er með framförum nemenda í ritun og lestri.

Íþrótt- og sundkennsla

Kennsla í íþróttum og sundi fer fram í Íþróttamiðstöðinni á Þelamörk. Hver nemandi fer vikulega í sund og íþróttir. Einnig er reglulega farið í skipulagða hreyfingu í valgreinum. Þá er umhverfi skólans notað til útikennslu í ýmsum námsgreinum ásamt því að hreyfing er oft samþætt við aðrar námsgreinar.

ART (Agression Replacement Training)

ART var innleitt að nýju í Hlíðarskóla haustið 2022. Í ART þjálfun felur í sér félagsfærniþjálfun, sjálfstjórn og siðferðisþjálfun. Nemendur læra jákvæð samskipti og ákveðna færniþætti sem þeir æfa í tímanum. Þetta er gert með umræðum, hlutverkaleikjum og ýmiskonar verkefnum. Nemendur læra að bregðast við áreiti með því að velta fyrir sér hvað kveiki reiði þeirra, hvað gerist innra með þeim þegar þeir reiðast, hvernig þeir eru vanir að bregðast við og hvaða afleiðingar það hefur. Þeim er kennt að tjúfa ferlið með ýmsum aðferðum og innleiða nýjar samskiptaleiðir. Nemendur rökræða undir stjórn kennara út frá klípusögum þar sem fyrir koma siðferðileg álitamál. Þetta eru annars vegar sögur sem tilheyra námsefninu og hins vegar sögur úr reynsluheimi nemenda.

Valgreinar

Nemendur í Hlíðarskóla á unglíngastigi sækja valgreinar, þegar því verður við komið, í aðra grunnskóla á Akureyri líkt og jafnaldrar í heimaskólum. Þegar nemandi í Hlíðarskóla er farinn að sýna stöðuga hegðun og framfarir er fær hann undirbúning til að geta sótt valgreinar í öðrum

skólum. Að sækja valgreinar í öðrum skólum er mikilvægur þáttur í að styrkja nemandann félagslega og fyrsta skrefið í að þjálfa hann í skólasamfélagi utan Hlíðarskóla. Einnig eiga nemendur í 10. bekk kost á að sækja valgreinar í VMA þar sem markmiðið er m.a. að nemendur Hlíðarskóla geti nýtt sér sérþekkingu og sérhæfð verkstæði bæði í bók- og verkgreinum. Einnig getur þátttaka í íþróttum eða öðrum tómstundum verið metin sem velgrein, s.s. tónlistar- og myndlistarnám, skátastarf eða íþróttæfingar. Gerð er nánari grein fyrir vali hvers vetrar í starfsáætlun hverju sinni.

Flugið

Allir nemendur, óháð aldri, fá einnig val innan skólans sem nær yfir fjórar kennslustundir á viku og er það bæði fjölbreytt og síbreytilegt. Valið er bæði bóklegt og verklegt og höfðar til mismunandi hæfni og áhugasviðs nemenda. Þróunarverkefnið “Flugið” var tekið upp að nýju í upphafi skólaárs 2020 og byrjað á að festa fjóra tíma á viku í stundatöflu. Nemendur gera nafnlaust sjálfsmat í lok hvernar viku. Með því safnar skólinn gögnum hvernig nemendum hvernig þau stóðu sig og hvernig þeim leið í fluginu (valtímar). Stefnt er á að auka vægi Flugsins jafnt og þétt.

Heimanám

Heimanámi er haldið í lágmarki að undanskildum heimalestri. Krafa er gerð á að nemendur lesi að minnsta kosti 5 sinnum í viku. Ef nemendur þurfa á að halda fá þeir heimanám í öðrum fögum eftir atvikum.

Námsbækur og námsgögn

Menntamálastofnum úthlutar skólanum viðeigandi námsbækur. Nemendur fá þannig allar kennslubækur í skólanum ókeypis. Þetta eru bækur sem nemendur fá lánaðar meðan verið er að fara yfir tiltekið námsefni. Þá fá nemendur til eignar ýmsar verkefna- og vinnubækur. Nemendur fá skriffæri, stílabækur og annað sem þau þurfa til námsins í skólanum. Skólinn leitast við að nýta umhverfið og náttúruna eins mikið og hægt er til kennslu. Skólinn býr svo vel að vera nálægt sjó og er fjaran oft notuð í allskonar þemaverkefni og í náttúrufræði/líffræði. Í smíðakennslu notum við töluvert að trjádrumbum sem fengnir eru með því að grisja skóglendi sem er í nálægð við skólann. Allir nemendur Hlíðarskóla fá Chromebook tölvur og ipada til nota í námi og reynum við að nýta tæknina eins mikið og hægt er.

Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi

Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum og kennurum um nám og hvernig þeir geti náð markmiðum þess.

Í Hlíðarskóla leggjum við áherslu á að námsmat sé:

- leiðbeinandi og nemendur viti að hverju þeir stefni.
- einstaklingsmiðaðar áætlanir og markmið.
- markviss endurgjöf sem er leiðarljós við skipulagningu áframhaldandi náms
- skýrt og aðgengilegt
- fjölbreytt
- að hluta byggt á sjálfsmati nemenda
- að hluta byggt á mati kennara og eða starfsfólks
- að hluta byggt á mati foreldra.

Niðurstöður mats eru birtar nemendum og foreldrum á Mentor og mánaðarlegir fundir með fjölskylduráðgjafa þar sem námslegt gengi er rætt og markmið sett til næsta fundar.

Námsmat er, samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla, til þess að veita leiðbeinandi upplýsingar um stöðu í námi og hvernig markmiðum þess verði náð. Námsmat er til þess fallið að unnt er að fylgjast með því hvernig nemendum miðar að því að ná hæfniviðmiðum aðalnámskrár, örva nemendur í daglegu skólastarfi auk þess að stuðla að námshvatningu og örva nemendur til framfara. Með námsmati er unnt að komast að því hverjir þurfa á aukinni aðstoð að halda og þannig fær hver nemandi þá aðstoð sem viðkomandi þarf.

Markviss endurgjöf til nemanda á sér stað í daglegu skólastarfi. Nemendur og kennarar eiga reglulegt samtal um markmið og framvindu námsins, í hópum eða einslega. Námsmat fer þannig fram inni í kennslustofunni við dagleg störf. Nemendur venjast því að ræða um nám sitt og því að kennarinn spyrji reglulega um það hvernig þeir leysa verkefni, hvernig þeir hugsa og hvernig þeir komast að tiltekinni niðurstöðu, með það að markmiði að finna hvað ber árangur og hvernig ber að taka næstu skref til að hámarka námsárangur hvers og eins. Formlegt námsmat fer fram í gegnum hæfnikort í Mentor. Þar eru hæfniviðmið metin reglulega og er matið birt jafnóðum.

Hver nemandi fer á fund að jafnaði einu sinni í mánuði. Þann fund sitja, auk nemanda, umsjónarkennari, fjölskylduráðgjafi og foreldrar. Að hausti setur nemandi sér markmið sem unnið er að næstu vikurnar. Hver nemandi setur sér félagsleg markmið og heilsumarkmið auk námsmarkmiða. Að mánuði liðnum er staðan endurmetin og annaðhvort bæta við markmiðum eða útfæra sett markmið á annan hátt til að auðvelda nemanda að ná settu markmiði. Að vori fá nemendur útprentuð vitnisburðarblöð.

Í Hlíðarskóla er lögð áhersla á fjölbreyttar leiðir í námsmati. Engin samræmd próf eru lögð fyrir fram að 2024. Með lagabreytingu árið 2022 hefur skyldu um fyrirlagningu prófanna verið frestað á meðan unnið er áfram að þróun nýs samræmds námsmats, Matsferils, sem leysa mun samræmdu prófin af hólmi.

Lykilhæfni tengist öllum námsgreinum skólans og vísar til hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum. Lykilhæfni er hæfni þar sem alhliða þroski nemenda birtist. Lykilhæfni er þannig metin um leið og þekking og leikni í hinum mismunandi greinum er metin og fléttast gjarnan inn í annað námsmat. Hægt er að sjá meira um námsmat Hlíðarskóla á heimasíðu skólans [hér](#).

Skólaárið 2023-2024 verður námsmatsstefna skólans endurskoðuð í heild.

Innra mat á árangri og gæðum

Mati á skólastarfi er skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar, unnið af starfsfólki hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá grunnskóla. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólastarfið og efla skólaþróun. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum. Mat var gert á Hlíðarskóla árið 2020 og má sjá umbótaráætlun sem gerð var í kjölfarið á ytra mati [hér](#).

Þær kerfisbundnu aðferðir sem skólinn notar við að meta sitt innra starf má finna í áætlunum um innra mat skólans á [heimasíðu](#) skólans undir *Áætlanir og mat*. Yfir skólaárið fundar gæðaráð reglulega til að fara yfir þau matsatriði sem fara á yfir á skólaárinu samkvæmt árs- og langtímaáætlun. Ýmsar kannanir s.s. foreldra-, nemenda- og starfsmanna sem og viðtöl eru nýtt til þess að fá greinargóðar upplýsingar um stöðu skólans gagnvart þeim gæðaviðmiðum sem skólinn hefur sett sér. Gæðaráð rýnir gögnin, setur fram styrkleika og tækifæri til umbóta.

Umbætur

Skólinn fór í ytra mats úttekt árið 2020 hjá Menntamálastofnun og í kjölfarið var gerð umbótaáætlun sem má skoða [hér á vef MMS](#). Síðan þá hefur markvisst verið unnið að umbótum og er þeim nær lokið sem má [skoða hér](#).

Skólinn vinnur að innleiðingu nýrrar Menntastefnu Akureyrarbæjar frá árinu 2020 og hefur skólinn markvisst farið í gegnum gæðaviðmið um skólastarf og menntastefnunnar þar sem byrjað var á að endurskoða innra mat. Í lok skólaársins 2021-2022 var staðan þannig að búið var að endurskoða alla þætti innra mats skólans og búið að meta gæðaviðmið um nám og kennslu. Veturinn 2022-2023 er unnið að innleiðingu gæðaviðmiða um stjórnun og faglega forystu út frá gæðaviðmiðum Akureyrarbæjar.

Gæðaráð skólans skipa allir starfsmenn enda fámennur skóli og skilvirkast að allir komi að skipulagningu, ígrundun og samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta. Í lok hvers skólaárs er mat skólaársins tekið saman í skýrslu um innra mat og gerð er umbótaáætlun sem nær til allra þátta skólastarfsins. Nýjustu skýrsluna og umbótaáætlun má sjá á [heimasíðu skólans](#) undir “Áætlanir og mat”

Samstarf heimila og skóla og upplýsingamiðlun

Til að tryggja farsælt nám og góða líðan hvers nemanda telur skólinn afar mikilvægt að eiga gott samstarf við heimili hans. Áhersla er á gagnkvæma upplýsingagjöf milli heimilis og skóla um nám, kennslu og líðan. Mentor er notaður til upplýsingagjafar um stöðu nemenda og notar skólastjóri Mentor til að koma helstu upplýsingum til foreldra. Classjojo er síðan notað fyrir hverja stofu til upplýsingamiðlunar fyrir foreldra. Fyrirkomulag samstarfs heimilis og skóla eru ræddar á fundum foreldra, umsjónakennara og fjölskylduráðgjafa skólans. Þar er metið hverskonar samstarf skilar mestum árangri og leitað er nýrra leiða til að efla það enn frekar. [Hér á heimasíðu undir “Foreldrar”](#) er nánar fjallað um foreldrasamstarf og miðlun upplýsinga.

Samstarf skólastiga, móttöku- og tilfærsluáætlun

Mikilvægt er að á milli leik-, grunn- og framhaldsskóla séu virk tengsl og að miðlun upplýsinga sé góð. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er nauðsynlegt að samræmi og samhengi sé í námi einstaklings. Á Akureyri starfa skólar á öllum stigum og mikilvægt er að nýta

þau tækifæri sem það hefur upp á að bjóða. Samstarf milli námshópa innan skólans er mikilvægt og stuðlar að jákvæðum skólabragð og auknu öryggi og vellíðan nemenda. Samstarf milli skólastiga og námshópa stuðlar einnig að viðsýni og auknum skilningi kennara á námi nemenda og starfi kennara í öllum skólastigum. Allir nemendur og hluti af starfsfólki skólans sitja saman til borðs í morgun- og hádegismat. Sá tími er skilgreindur sem lífsleikni, enda er sá tími mikil æfing fyrir nemendur að taka þátt í félagslegum samskiptum við aðra óháð aldri. Í þemavinnu innan skólans er einnig lögð áhersla á að blanda aldurshópum saman til að fá fjölbreytta hópa þar sem reynir á samskipti og samvinnu.

Tengsl skóla við nærsamfélagið

Gott er að hver skóli vinni náið með nærsamfélaginu sínu. Hlíðarskóli er umvafinn fallegu umhverfi. Þar er fjara, sveitabær og skógur í göngufæri, hestar og hundar í kring. Mikilvægt er að nemendur séu í tengslum við umhverfi sitt með því að leyfa þeim að ganga um frjálsir í náttúrunni og efla sköpun með hlutum sem eru í kring. Viðfangsefni sem tengja námið við daglegt líf og starfsvettvang efla læsi nemenda á umhverfi sitt. Í Hlíðarskóla er lögð áhersla á að nemendur og starfsfólk vinni náið með nærsamfélaginu í því skyni að auka námsáhuga, dýpka nám og öðlast víðsýni. Námið er sett í raunverulegt samgengi með vettvangsheimsóknum sem eru undirbúnar og nýttar í samhengi við námsmarkmið. Nemendur afla sér upplýsinga áður en farið er í vettvangsferðir, skipuleggja þær í samvinnu við kennara, safna upplýsingum á vettvangi og vinna úr þeim. Margar stofnanir bæjarins bjóða upp á vettvangsheimsóknir, ekki síst söfnin og eru þessi tækifæri nýtt til að dýpka nám nemenda, ekki síst þegar unnið er með ákveðin þemu.

Áætlanir

Á heimasíðu skólans má finna ýmsar áætlanir undir kaflanum “[Áætlanir og mat](#)”. Einnig er í starfsáætlun hvers skólaárs að finna áætlanir um rýmingu húsnæðis, viðbrögð við slysum og áföllum, einelti og öðru sem viðkemur skólanum og því fjölbreytta starfi sem þar fer fram. Starfsáætlun hvers skólaárs er ávallt að finna á heimasíðu skólans.